

EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnarás ehf. Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	14.8.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Efnarás ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Klettagörðum 9	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5303150290	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhann Karl Sigurðsson	ÍSAT nr.	38.32.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	360615,942 408599,18

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru skráð í eftirlitinu en bent á að breyta þurfi verklýsingum og endurþjálfa starfsmenn nú þegar aðstaðan breytist. Eins var rekstraraðili beðin um afrit af lagnateikningum í frárennsli.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í Efnarás ehf. í Gufunesi. Jóhann Karl Sigurðsson fulltrúi rekstaraðila tók á mótí undirrituðum.

Rekstraraðili hefur verið að koma sér fyrir í Gufunesi, í húsakynnum sem áður tilheyrði Efnamóttökunni hf. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið gaf þann 13. júlí sl. út tímabundna undanþágu, til handa Efnarás ehf., fyrir að hafa starfsleyfi fyrir starfssemi fyrirtækisins í Gufunesi.

Rekstraraðili hefur verið með starfssemi í Klettagörðum 9 um árabil. Starfsleyfi Efnarásar ehf. fyrir starfssemi sína í Klettagörðum 9 rann út 1. nóvember sl. og skömmu síðar tók Efnarás ehf. á leigu aðstöðu við Gufunesveg.

Engin skrifleg gögn voru skoðuð, en gengið um aðstöðuna með fulltrúa rekstaraðila. Snyrtilegt er um að litast utandyra, en aðstaðan virðist komin í fulla nýtingu. Um 40 einingar (bambar) af smáum raftækjum standa utandyra með regnvörn en um 80 einingar þarf til þess að fylla gám. Önnur raf- og rafeindatæki eru í stæðum bæði innan- og utandyra og er verið að tæma kælimiðil af ísskápum í einu horni innandyra og klippa barka af ryksugum í öðru. Flokkun og þökkun spilliefna er síðan í sérstakri álmu. Unnið er við að búa niður tölvur og tölvuskjái í öðru húsi.

Aðstaða utandyra er stærri en aðstaðan í Klettagörðum en virðist samt vera fullnýtt. Bómbum er staflað í stæður með allt að þrjár einingar á hæð. Ekki er gott að átta sig á hrun- og slysaþættu af því en bent var á í eftirliti að hafa samband við Vinnueftirlitið um þessi mál.

Unnið var við að losa stíflu úr niðurfalli í gólfi innandyra sem hefur verið stíflað frá því áður en Efnarás ehf. tók við aðstöðunni. Skoðaður var sýnilegur hluti frárennsliskerfi og söfnunarþró við efra svæði. Farið var fram á að rekstraraðili sendi teikningar af frárennsliskerfi í lóðinni.

ATHUGASEMDIR

Bent var á að breyta þurfi verklýsingum og endurþjálfa starfsmenn nú þegar aðstaðan breytist.

ANNAÐ

Rekstraraðili var beðin um afrit af lagnateikningum í frárennsli.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.09.2018

Gottskálk Friðgeirsson